

**Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Hallbjargar Þorláksdóttur frá Fífuhvammi og Gríms Jóhannssonar frá Nesjavöllum“, 15. maí 1943.** 96 15. maí

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Hallbjargar Þorláksdóttur frá Fífuhvammi og Gríms Jóhannssonar frá Nesjavöllum.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Grími Jóhannssyni frá Nesjavöllum, og er stofnfé hans 2000 krónur í reiðu fé.

### 2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Hallbjargar Þorláksdóttur frá Fífuhvammi (f. 27. ágúst 1871, d. 23. maí 1942) og Gríms Jóhannssonar frá Nesjavöllum (f. 17. júlí 1874).

### 3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu félagsins Sjálfsbjargar, styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, og er tilgangur hans að verða lömuðu og fötluðu fólki að liði, eftir ákvörðun stjórnar félagsins, í samræmi við ákvæði þessarar skipulagsskrár.

### 4. gr.

Sjóðinn skal jafnan ávaxta á sem tryggilegastan hátt (sbr. lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum). Leggja skal alla vexti við höfuðstólinn, unz hann er orðinn að upphæð fullar 10000 krónur. Úr því er heimilt að verja allt að helmingi vaxta hans samkvæmt ákvæðum 3. gr., en hinn helminginn skal leggja áfram við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð fullar 20000 krónur, má verja allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum vaxtanna í sama skyni, en  $\frac{1}{4}$  hluta þeirra skal enn leggja við höfuðstólinn. Ef sjóðnum bætast gjafir, skal og leggja þær við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Þó má veðsetja þann hluta sjóðsins, sem er umfram hið upphaflega stofnfé hans, ef á liggur vegna nauðsynlegra framkvæmda á vegum félagsins í þágu lamaðs og fatlaðs fólks, svo sem húsbýggingar eða þess háttar.

### 5. gr.

Senda skal landlækni árlega reikning sjóðsins og skýrslu um starfsemi hans.

### 6. gr.

Hætti félagið Sjálfsbjörg, styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, starfsemi sinni í þágu lamaðs og fatlaðs fólks, ákveður heilbrigðismálaráðherra, samkvæmt til-lögum landlæknis, hverjum fela skuli umráð sjóðsins og að öðru leyti framkvæmd þessarar skipulagsskrár.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og birta skipulags-skrána í B-deild Stjórnartíðindanna.